

<i>Fundarboðandi:</i>	Starfsmaður f.h. formanns	<i>Fundarstaður:</i>	Fjarfundur
<i>Fundarstjóri:</i>	Sigurborg Daðadóttir formaður	<i>Dagsetning:</i>	25.10.2023
<i>Fundarritari:</i>	Einar Örn Thorlacius	<i>Fundartími:</i>	13:00-14:45
<i>Þátttakendur:</i>	Sigurborg Daðadóttir, Guðrún Birna Brynjarsdóttir, Katrín Andrésdóttir og Henry Alexander Henrysson. Anna Berg Samúelsdóttir kom inn á fundinn kl. 14:00		

Dagskrá og umræða

1. Farið yfir fundargerð síðasta fundar

Ekki var hægt að fara yfir fundargerð síðasta fundar þar sem fundargerð lá ekki fyrir, afgreiðslu frestað. Formaður kynnti bréf dags. 19.október s.l. sem sent var matvælaráðuneyti eftir síðasta fund ráðsins með ósk um stofnun starfshóps sem tæki fyrir lausagöngu búfjár og slysaættu vegna hennar. Er það í samræmi við bókun fagráðsins.

2. Umsókn um dýratilraun. „Framhaldsrannsókn (fasi - 2) á nýju blönduðu bóluefni gegn lungnasjúkdómum í íslensku sauðfé (Movi-3)“

Óskað er umsagnar fagráðsins. Sigurbjörg Bergsdóttir sérgreinadýralæknir sauðfjársjúkdóma sat fundinn undir þessum lið og kynnti umsóknina.

Fagráðið veitir jákvæða umsögn með því skilyrði að notuð verði að hámarki 400 lömb, átta í hverri hjörð og að hámarki á 50 bæjum.

Sigurbjörg yfirgaf síðan fundinn. Fulltrúi DÍS var fjarverandi undir þessum lið.

3. Málafni sem hefur áður verið frestað til frekari umfjöllunar. Umræður og verkáætlun:

a. Vinnureglur fagráðs

Ákveðið að taka reglurnar fyrir á nóvemberfundi ráðsins og fyrir þann tíma yrðu ráðsliðar búnir að gera athugasemdir og breytingatillögur við vinnuskjal sem fulltrúi BÍ hefur áður deilt til ráðsliða.

b. Flugeldar og dýr

Ákveðið að taka þetta mál fyrir á nóvemberfundi ráðsins. Fyrir þann tíma mun MAST reyna að afla upplýsinga um slysatíðni á dýrum vegna flugelda og nálgast upplýsingar um lyfjanotkun tengd kvíða í gæludýrum.

c. Markaðsdrifin velferð

Um er að ræða fyrirkomulag sem hvetur til aukinnar dýravelferðar. Ákveðið að taka þetta fyrir á janúarfundi ráðsins. Fulltrúar DÍ, DÍS og HÍ munu vinna að undirbúningi málsins fyrir fundinn.

d. Útigangur sauðfjár yfir vetur

Þessi liður (útigangur sauðfjár yfir veturinn) var tekinn út, enda talið að það mál væri afgreitt.

e. Ábyrgð sveitarfélaga gagnvart dýrahaldi á hættusvæðum

Ákveðið að taka þetta fyrir á nóvemberfundi ráðsins.

f. Afföll í fiskeldi

Ákveðið að taka fyrir á marsfundi ráðsins og þá með sérfræðingum MAST í fiskeldi.

g. Þóknun fagraðsmanna

Ákveðið að taka þetta mál upp á nóvemberfundi ráðsins.

h. Áverkar hrossa í keppni

Ákveðið að taka þetta mál upp á febrúarfundi ráðsins.

4. Önnur mál: Engin

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45